

nefnds stefnda að breyta, þá þykir rétt að verða við kröfunni um endurupptöku málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Það ber að endurupptaka málið.

Miðvikudaginn 9. desember 1942.

Nr. 83/1942. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn

Halldóri Björnssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sekt kærða verði 100 krónur, og komi í stað hennar 7 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða, Halldórs Björnssonar, verði 100 krónur, og komi 7 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur löggluréttar Reykjavíkur 22. maí 1942.

Ár 1942, föstudaginn 22. maí, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af fulltrúa sakadómara Ragnari Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1187/1942: Valdstjórnin gegn Halldóri Björnssyni.

Mál þetta er höfðað gegn kærðum fyrir brot gegn lögum nr. 105/1936 um breytingu á lögum nr. 18 31. maí 1927 um iðju og iðnað og lögum nr. 85 19. júní 1933 um breytingu á þeim lögum.

Málið var dómtekið hinn 18. þ. m.

Kærður er Halldór Björnsson múrarameistari, til heimilis Karlagötu 12 hér í bæ, talinn fæddur 17. ágúst 1910 í Bolungarvík.

Mánudaginn 3. nóvember 1941 kærði kærður til lögglunnar yfir því, að ófaglærðir og réttindalausir menn væru látnir vinna múraravinnu við húsið nr. 42 við Skólavörðustíg hér í bæ. Að aflokinni rannsókn út af þeirri kæru, taldi dómsmálaráðuneytið, er málið var borið undir, ekki ástæðu til frekari aðgerða út úr henni Í rannsókninni kom aftur á móti fram, að kærður, er áður hafði tekið að sér múraravinnu við ofangreint hús, hafði sjálfur látið ófaglærðan mann vinna iðnaðarvinnu múrara við húsið.

Í annan stað kærði sveinasamband byggingarmanna yfir því hinn 26 nóvember 1941, að kærður hefði látið nafngreinda ófaglærða menn vinna iðnaðarvinnu múrara við hús, er hann hafði í smíðum. Voru til þess nefndir þeir Jóhannes Björgvinsson, Stóra-Seli við Framnesveg, Jóhannes Andrésen, Barónsstíg 18 og Jóhannes Ólafsson, Bergstaðastræti 66.

Í rannsókn málsins hefur ekki sannazt, að þeir Jóhannes Andrésen og Jóhannes Björgvinsson hafi unnið fagvinnu múrara á vegum kærðs. Jóhannes Ólafsson hefur að eigin sögn unnið hjá honum sem óbreyttur verkamaður, en hann segir þó, að það hafi komið fyrir, að hann hafi gripið í að rappa og draga upp á virnet. Þetta kveðst Jóhannes hafa gert að gamni sínu, tekið það upp hjá sjálfum sér og ekki haft fyrirskipun kærðs um það. Þykir því þegar af þeirri ástæðu verða að sýkna kærðan af þessum lið kærunnar. En með því að halda ófaglærðan mann við múrarastörf í húsinu nr. 42 við Skólavörðustíg hefur kærður gerzt sekur um brot gegn 15. gr. 5. tl. áður greindra laga, og með tilliti til málavaxta þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi í 20 daga. Kærður greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar, er ákveðast kr. 100.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Halldór Björnsson, greiði 400.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 20 daga.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hrm., kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1942.

Nr. 74/1942. **Bjarni Eggertsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-
sjóðs, lögreglustjóranum í Reykjavík og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna vikningar úr stöðu.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní þ. á., krefst þess, aðallega að vikning hans úr lögreglumannsstarfa verði dæmd ómerk og honum dæmdur réttur til starfans áfram með fullum launum ásamt dýrtíðaruppbót, eins og hún er á hverjum tíma, en til vara, að honum verði í eitt skipti fyrir öll dæmdar skaðabætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 40000.00, svo og dæmdur réttur til eftirlauna úr eftirlaunaskjóði Reykjavíkurborgar frá 1. júní 1942. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.